

Umsögn sem birt var á fasebook síðu áhugamanna um gamla muni.

Þegar Ríkisútvarpið hóf sendingar í desember 1931 voru til örfá útvarpstæki í landinu enda mikil fjárfesting. Bóndi þurfti að selja vel yfir hálf tonn af kjöti til að eiga fyrir útvarpi. Ríkið hóf framleiðslu Íslenskra einfaldra útvarpstækja árið 1933 til að landinn gæti hlustað á RUV. Fyrsta gerðin var mjög einföld og dugði ágætlega í Reykjavík og nágrenni. Það tæki fékk nafnið SUÐRI. Nú hefur undirritaður komið lífi í þetta 88 ára gamla útvarp. Eins og má heyra voru tóngæðin ekki eins góð og í dag, en þó furðu góð. Þessir snillingar á þeim tíma fullnýttu getu lampana og sendu hljóðið tvisvar í gegnum síðasta mögnunarstig tækisins. Stóri hnappurinn er til að stilla inn á senditíðni stöðvarinnar en sá litli stillir afturverkunina og er því einskonar styrkstilli.

Loftnetin þurfti að vera langur vír milli húsa. Bændur notuðu stundum efsta vír í girðingunni við bæinn og sumir stálust inn á aðra línu sveitasímans.

Síðar voru smíðuð næmari tæki fyrir vestfirði og norðurland sem fengu nafnið VESTRI. Í lokin komu enn fullkomnari tæki og fengu þau nafnið AUSTRI.

Nú er undirritaður ásamt nokkrum félögum af elstu núlifandi kynslóð „útvarpsvirkja“ að bjarga sögu þessarar smíði því mjög litlar heimildir eru til frá þessari framleiðslu. Með því að finna gamlar auglýsingar, blaðaviðtöl frá fyrstu árum RUV og skoða og teikna upp þau örfáu tæki sem til eru náum við því. Helgi Jóhannsson rafeindavirki á Akureyri er búinn að koma einum Vestra í gang og undirritaður þessum Suðra. Við teljum því að sagan náist með smá þolinmæði.

Á þessum fyrstu árum RUV var mikil kreppa og skortur á gjaldeyri. Íslendingar létu það ekki á sig fá frekar en annað og framleiddu bara sín útvörp. Við teljum okkur vita með nokkurri vissu að þegar Viðtækjasmiðju Ríkisútvarpsins var lokað 1949 höfðu verið smíðuð samtals um 1500 til 1700 tæki að meðtöldum sérsníðnum viðtækjum fyrir báta. Það sem léttir okkur störfin er að við erum á svipuðum aldri og tækin og unnum við viðgerðir á þeim á námsárum okkar.

Þegar ég opnaði þennan „SUÐRA“ og fann þessa yndislegu gömlu lykt af íhlutunum varð ég ungur í anda eins og um gamla kærustu væri að ræða. Ekki skemmdi það þessa tilfinningu þegar fór að koma hljóð í gripinn.

Sigurður Harðarson rafeindavirki